

LÖG

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Gjöld vegna mála á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum**, með einni nýrri grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Í málum samkvæmt lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

- | | |
|--|-----------|
| a. Fyrir beiðni til héraðsdóms skv. II. kafla laganna | 3.900 kr. |
| b. Fyrir beiðni til sýslumanns skv. III. kafla laganna | 6.300 kr. |

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- | | |
|--|------------|
| a. 27. tölul. 1. mgr. orðast svo: Fyrir umsókn og tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt: | |
| a. Fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt | 10.000 kr. |
| b. Fyrir tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt | 5.000 kr. |
| b. Við 1. mgr. bætast fimm nýir töluliðir, 32.–36. tölul., svohljóðandi: | |
| 32. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir 18 ára og eldri: | |
| a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi | 4.000 kr. |
| b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi | 2.000 kr. |
| 33. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir yngri en 18 ára: | |
| a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi | 2.000 kr. |
| b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi | 1.000 kr. |
| 34. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir 18 ára og eldri: | |
| a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi | 8.000 kr. |
| b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi | 8.000 kr. |
| c. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi | 4.000 kr. |
| 35. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir yngri en 18 ára: | |
| a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi | 4.000 kr. |
| b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi | 4.000 kr. |
| c. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi | 2.000 kr. |
| 36. Beiðni til mannanafnanefndar um að setja nýtt nafn á mannanafnaskrá | 2.000 kr. |

3. gr.

Á eftir 14. gr. a laganna kemur ný grein, 14. gr. b, svohljóðandi:
Greiða skal 1.500 kr. fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2006.

Gjört á Bessastöðum, 13. júní 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

A-deild – Útgáfud.: 22. júní 2006